

lífseigur og athugull í svaðilförum. Tilhneiging margra vor á meðal er að miklast af þessu eins og einhverjum óviðjafnanlegum heimsins-undrum, sem lýsi sérstökum yfirburðum vorum yfir aðrar þjóðir. “Ekki er um það að tala, allstaðar er landinn fremstur“ sagði einn “þjóðrækinn” Íslendingur nýlega. Væri svo, þá mætti setja landann í glerhylki, til þess að aðrar þjóðir gæti starað á hann með undrun og lotning, en ekki snert á honum.

Sízt vildi eg gjöra lítið úr því, sem landar mínir öðru hvoru megin hafs hafa vel unnið, né véfengja það eða lítilsvirða, að þjóð vor er yfirleitt eins laus við andlegan kyrking og vanskapnað, eins og sumar þær þjóðir, sem betur hafa staðið að vígi í lífsbaráttunni. Yfir þessu megum vér hjartanlega gleðjast. En gáum að: það er fagurt og gott af hverju foreldri að elska börnin sín og taka því með þökkum, ef þau eru vel af Guði gefin. En að telja sér trú um, að þau sé þeir hálf-guðir, sem annara króar jafnist hvergi við — það er ekki föðurást, heldur ofdramb og heimska, og börnunum hinn aumasti illsviti. Sami munur er á þjóðarást og þjóðardrambi.

Vér Íslendingar erum eins og fólk er flest, það er heyrir til sama mannflokki; vel staðir í sumum greinum, en miður í öðrum. Stöndum líklega að öllu samanjöfnuðu hvorki framar né aftar frændþjóðum vorum, svo teljandi sé; að minsta kosti komumst vér ekki í dýrlingatölu við samanburð-

inn. Hetjublóð norrænu höfðingjanna rennur í æðum vorum, blandað þrælablóði. Ekki skal um það dæmt hér, hvor ættstofninn sé í sjálfu sér göfgari, en sannleikur þessi felur í sér heilnæmt lyf við ætternisdrambi, hvernig sem á hann er litið. Í einu orði sagt: vér Íslendingar erum nýtir liðsmenn upp og ofan, en ekkert einvalalið.

Annað veifið tekur hrokinn augun af þessu goði sínu, “landanum”, og skimar í kring um sig, á hérkent þjóðlíf. Ekki þykir honum það útsýni fagurt. Honum vex í augum spillingin, oddborgaraskapurinn, hugsjónafæðin. Sá “selskapur” finst honum ekki samboðin löndum sínum. Vér hárfínir hugsjónamennirnir, þurfum að hafa við alla varhygð á þessu vestræna sölutorgi; verðum að sveipa skykkjunum að oss — eins og Farísear í heiðingjaþröng — til þess að saurgast ekki.

Einræningsskapnum væri nokkur vorkun, ef þessi lýsing á andlegu lífi kjörlands vors væri í alla staði réttmæt — þó hitt væri þó auðvitað nær, að nota þá þessa marg-lofuðu yfirburði vora til hjálpar öðrum. Það er satt, að Ameríkumenn eru gróðamenn miklir, og eyðslusamir eftir því, og er hvorttveggja eðlilegt, þegar á alt er litið. Hingað streyma mannflokkar, sem um langan aldur hafa búið við fremur þröngan kost. Hér finna þeir landrými geysimikið og ógryn timer allskonar auðæfa. Enginn veit enn, hve mikill sá auður er — þjóðin veit ekki aura sinna tal. Gróðahugurinn veður í auðæfasafni þessu eins og hvalur í